

# Kennsluáætlun

Haust 2023

**Bekkur:** 4. bekkur

**Námsgrein:** Þema

**Fjöldi kennlustunda:** 2 kennlustundir á viku

**Kennari/kennarar:** Guðrún Arna og Ólöf

**Kennsluaðferðir:** Verklegt, bóklegt, vettvangsferðir.

**Námsmat:** Virkni, þátttaka, vinnusemi, sjálfsmat, verkefni metin og fl.

Í hverju þema er lögð áhersla á að nemendur skili af sér ákveðinni afurð sem metin er af kennara. Afurðin getur verið í formi skriflegra, munnlegra og verklegra verkefna. Að auki er sjálfsmati, jafningjamati og leiðsagnarmati beitt. Virkni og þátttaka í kennlustundum er einnig metin. Við mat er stuðst við hæfniviðmið 4. bekkjar sem tilgreind eru í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011/2013.

## Hæfniviðmið

Að nemendur geti sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.  
Að nemendur kynnist náttúruperlum í nærumhverfi sínu og séu kunnugir staðháttum.  
Að nemendur kynnist hinum ýmsu þáttum sem tengjast samfélagi og náttúru.  
Að nemendur séu meðvitaðir um eigin getu til aðgerða í málefnum sem varða nærumhverfi þeirra.  
Að nemendur kynnist hinum ýmsu þáttum sem tengjast samfélagi og náttúru.  
Að nemendur geti notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.  
Að nemendur geti hlustað á og rætt hugmyndir annarra.  
Að nemendur kynnist íslenskum rithöfundum, verkum þeirra og ævi.  
Að nemendur þjálfist í heimildaleit á neti og í bókum.  
Að nemendur þjálfist í að koma fram.  
Að þekkja hvernig fólk bjó og hagaði sér fyrr á öldum. Þekkja húsakynni, tímatal, mat, fatnað og fleira.  
Að nemendur þekki orð sem notuð voru í gamla daga.

**Námsgögn:** Náttúrperlur Garðabæjar, Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti, Komdu og skoðaðu landnámið, internetið o.fl.

Unnið er út frá eftirfarandi kennsluáætlun en námsefni og verkefni eru aðlöguð að nemendum út frá hæfni hvers og eins þar sem unnið er að sömu markmiðum.

Kennari áskilur sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara.

Dagsetning	Viðfangsefni	Verkefni	Hæfniviðmið
24. - 25. ágúst	Garðabær	Kynning á þemanu Hvað vitum við um Garðabæ?	
28. ágúst - 1. september	Garðabær - bærinn minn (hópverkefni)	Nemendum skipt í hópa og þeir velja eina náttúruperlu til að kynna sér (vinna m.a. með bókina Náttúruperlur í Garðabæ)  Upplýsingaöflun um náttúruperlu - ipad og bækur  Svara spurningum um náttúruperlur	Nemendur kynnist náttúruperlum í nærumhverfi og séu kunnugir staðháttum
4. - 8. september	Garðabær - bærinn minn (hópverkefni)	Upplýsingaöflun um náttúruperlur - ipad og bækur	Nemendur þjálfist í heimildaleit á neti og í bókum
11. - 15. september	Garðabær – bærinn minn (hópverkefni)	Upplýsingaöflun um náttúruperlu  Nemendur útbúa veggspjald um náttúruperlu	Nemendur þjálfist í heimildaleit á neti og í bókum
18. - 22. september	Garðabær - bærinn minn (hópverkefni)	Upplýsingaöflun um náttúruperlu  Nemendur útbúa veggspjald um náttúruperlu	Nemendur geti hlustað á og rætt hugmyndir annarra
25.- 29. september	Garðabær - bærinn minn (hópverkefni)  <i>Skipulagsdagur 25.sept</i>	Nemendur klára veggspjald og undirbúa kynningu fyrir bekkinn.	

2. - 6. október	Garðabær - bærinn minn (hópverkefni) <i>Íþróttadagur 3.okt</i>	Nemendur kynna veggspjald um náttúruferlu fyrir öðrum hópum	Nemendur þjálfast í að koma fram.  <b>Námsmat:</b> Virgni í tímum, vinna við veggspjald, samvinna, kynning á spjaldi
9. - 13. október	Ísland áður fyrr	Kynning á þemanu Horfum á Gísla á Uppsölum	
16. - 20. október	Ísland áður fyrr	Híbyli í gamla daga skoðuð, torfbærinn kynntur. Horft á Nonna Manna í upphafi tíma.  Híbylablaðsíðan í vinnubókinni skipt í tvennt Nýtt hús – gamalt hús teiknað.	
23. – 27. október	Ísland áður fyrr	Baðstofan skoðuð. Baðstofumynd klippt, límt inn á og litað.  Útikennsla: gamlir leikir og gamall matur smakkaður.	
30. október - 3. Nóvember	Ísland áður fyrr	Gamla tímatalið og dagatalið kynnt sem og matur sem var borðaður í gamla daga. Dagatal sett inni í bókina sem og „gamall“ matur teiknaður.	
6.- 10. Nóvember	VINAVIKA	VINAVIKA	
13. - 17. nóvember	Ísland áður fyrr	Fjölskyldumunstrið skoðað í gamla daga og í dag. Fatnaður í gamla daga. Dúkkulísur klipptar út sem og föt frá því í gamla daga.	

20. - 24. Nóvember	Ísland áður fyrr	Fatnaður í gamla daga. Unnið með Dúkkulísur og bækur kláraðar.	
27. nóvember - 1. desember	Jólaþema		
4. - 8. desember	Jólaþema		
11. - 15. desember	Jólaþema		